

Sex menn bjargast með naumindum.

Vélbátur strandar í stórgryti og stórbriml

Á SKÍRDAG strandaði vélbáturinn Óðinn frá Ólafsvík fram undan Brimilsvöllum á Snæfellsnesi. 6 menn, sem voru á bátnum, björguðust með naumindum á land, en báturinn brotnaði í spón.

Báturinn var í röðri, er skyndilega kom að honum leki. Bátsverjar reyndu þegar að ausa, en höfðu ekki við, og allt í einu stöðvaðist vélin. Var þá útséð um það, að hægt yrði að komast til Ólafsvíkur.

Formaðurinn tók þá það ráð, að setja upp segl og hleypa á land í þeirri von, að hægt yrði með þeim hætti að bjarga skipshöfninni.

Litlu síðar strandaði báturinn. Bátsverjar kyntu þegar bál, og sást það heim að bænum Brimilsvöllum. Böndinn á Brimilsvöllum, Ólafur Bjarnason, og Rögnvaldur, sonur hans, komu þegar á strandstaðinn, og tókt þeim að bjarga öllum mönnum á streng á land. Er þessi björgun talin mikið þrekvirki, því að stórgrytt er þarna við ströndina og brim var ákaflega mikið.

Skipbrotsmennirnir fóru þeg-

Sögulegt ferðalag Esju til Vestur- og Norðurlands.

Vírar fóru í skrúfunu, á Patreksfirði; slitnaði síðan frá bryggju á Siglufirði og flæktist þar einnig í virum.

Versta veður var alla leiðina.

Loftvarnaskýli á Arnarhóli.

LOFTVARNANEFND hefir nýlega samþykkt að reisa loftvarnaskýli á Arnarhóli. Er gert ráð fyrir, að að minnsta kosti 100 manns komist fyrir í þessu skýli. Verður skýlið reist úr sandpokum, en þak haft á því. Eru lík skýli einnig hér við höfnina og víðar í bænum. Verður að telja, að þessi framkvæmd sé nauðsyuleg og geti komið í góðar þarfir.

ar heim að Brimilsvöllum, og var þeim þar veitt hin bezta aðhlyning, en bátur þeirra brotnaði í spón. Hafa eigendur bátsins, feðgar í Ólafsvík, orðið fyrir miklu tjóni. Nokkru af veiðarfærunum tókt að bjarga.

Frá fréttaritara Alpýðublaðsins.

AKUREYRI í gærkveldi.

FERÐALAG ESJU til Vestur- og Norðurlandsins að þessu sinni varð sögulegt. Skipið fór frá Reykjavík með fjölda farþega, um 160 til Ísafjarðar, og kom til Patreksfjarðar kl. 11 á miðvikudagsmorgun. Þegar skipið ætlaði að fara frá bryggjunni kom í ljós, að vírar voru komnir í skrúfunu. Veður var hið versta, og sló skipinu upp að bryggjunni að vestan verðu, en úr landi höfðu verið lagðir vírar í togara, og fóru þeir í skrúfunu.

Skipsmenn á Esju vissu ekkert um þessa víra og hafði alls ekki verið tilkynnt neitt um þá. Varð nú Esja að fresta ferð sinni og komst ekki af stað frá Patreksfirði fyrir en kl. 2 á skírdag, en þá var búið að hreinsa skrúfunu.

Skipið hélt nú áfram til Ísafjarðar og hreppi versta veður. Kom það þó þangað kl. um 7 á fimmtudagskvöld, og voru farþegar þá orðnir fegnir að komast til hins fyrirheitna bæjar, á skíðavíkuna, sem lítið hefir þó orðið úr enn sem komið er vegna veðurofsa.

Klukkan um 8 um kvöldið á föstudaginn langa komst skipið til Siglufjarðar. Lagðist það þegar upp að svokallaðri oliubryggju, en þar ætlaði það að losa oliur á geyma. Þegar það hafði verið gert nokkra stund, fór veltstjóri á land til að mæla á geymunum, en rétt í sömu svifum sleit skipið frá bryggjunni, hafði það rífið upp allar festar, sem því hafði verið fest í, og sló því frá bryggjunni. Munaði minnstu, að skipið yrði fyrir skemmdum, en þó tókt að afstýra því fyrir snarræði skipshafnarinnar. Um sama leyti festust vírar enn í skrúfu skipsins, og var nú miklu erfiðara að eiga við þetta en á Patreksfirði. Var kafari þó strax látinn hefja vinnu við að ná virnunum burtu, en það gekk seinlega, enda voru um 20 vafningar um skrúfunu.

Þegar þessu var lokið og skipið hafði að öðru leyti athafnað sig og tekið farþega til Akureyrar, meðal annars alla skíðakappana, á landsmót skíðamanna, hélt skipið áfram. Hreppi það enn versta veður, og var leiðin öll til Akureyrar hvít af sævarroki og stormur geysimikill. Kom skipið hingað til Akureyrar kl. 3½ í dag.

Haftr.



ÖRN JOHNSON við stýrið, á flugi. Myndin er tekin, þegar flugmaðurinn var í sildarleit.

Nýja flugvélin er nú komin til landsins.

Tveggja hreyfla „Beech-craft“ vél, sem tekur 8 — 9 farþega.

FLUGFLOTI OKKAR ÍSLENDINGA er orðinn nokkuð stór. Um bænadagana bættist við hann stór tveggja hingað. Keypti hann hana í Michigan í Bandaríkjunum og framvegis.

Það er Örn Johnson flugmaður, sem hefir keypt hana hingað. Keypti hann hana í Michigan í Bandaríkjunum og kom með hana hingað á skírdag, en hann hefir starfað að þessum flugvélarkaupum vestra undanfarna mánuði.

Alpýðublaðið hafði tal af Erni Johnson í gær.

„Flugvélin er komin hingað,“ sagði Örn Johnson, „en ég get ekkert sagt um það enn þá, hve nær hún verður tekin úr skipinu eða hvenær hægt verður að taka hana til notkunar. Ég býst alveg eins við því, að það geti dregið í nokkrar vikur.“

— Hvað tekur vélin marga farþega?

„Hún getur flutt 8—9 farþega. Hún mun aðallega verða höfð í förum milli Reykjavíkur og Akureyrar og Reykjavíkur og Austfjarða.“

— Hvaða tegund er þetta?

„Það er tveggja hreyfla „Beech craft“-vél, og venjulegur flughraði hennar er 315 km. á klukkustund. Þessar flugvélar hafa mikið verið notaðar áður til farþega- og pósthugs í

Bandaríkjunum. Þetta er góð tegund.“

— Hvað kostaði vélin?

„Um það get ég ekki sagt að svo kommu. En ég býst við, að það verði ljóst, þegar aðalfundur Flugfél. Íslands verður haldinn, en það verður innan skamms, og þá mun blöðunum verða gefin nánari skýrsla um flugvélakaupin.“

— Verðið þér með þessa nýju vél?

„Það mun enn ekki vera ráðgj.“

Alpýðublaðið hefir það frá öðrum heimildum, að Örn muni stýra þessari nýju og stóru vél. Nú eigum við þrjár vélar, sem samtals geta flutt 15 farþega. Tvær þeirra eru landflugvélar, en ein sjóflugvél. Enn hefir hinni nýju vél ekki verið gefið nafn.

Hermenn berja fólk og ota að því byssustingjum.

Vildu ekki láta sér segjast þrátt fyrir ihlutun amerísku lögreglunnar.

AÐFARANÓTT síðastliðins föstudags sýndu amerískir varðmenn lögreglu og borgurum ofbeldi, sem nærri lá að hefði alvarlegar afleiðingar í för með sér, en var þó afstýrt, og hefir skýrsla um atburðinn verið send her stjórnmána, að lokinni rannsókn sakadómara, sem fór fram í fyrradag.

Atvik málsins voru sem hér segir:

Þessa nótt var íslenskur sjómaður á leið til skips síns, og var þrennt í fylgd hans, en skipið lá við Ægisgarð.

Amerískur varðmaður stöðvaði þetta fólk á Ægisgötunni og spurði það um vegabréf þess. Sýndi það honum vegabréfin að undanteknum sjómánum, sem hafði gleymt því um borð í skipinu. Sagði

Frh. á 7. síðu.

Erfitt að fá lóð undir hina nýju mjólkurstöð.

En knýjandi nauðsyn að koma henni upp sem allra fyrst.

VEGNA ýmissa sögusagna sem gengið hafa hér um bæinn undanfarið um ófært ástand í mjólkurhreinunarstöðinni hér, hafði Alpýðublaðið í gær tal af Stefáni Björnssyni mjólkurfræðingi, sem er ungur maður og fullur af áhuga fyrir endurbótum og framförum í mjólkuridnaði okkar.

— Hvenær verður nýja mjólkurstöðin reist?

„Um það get ég ekkert sagt, en það er ákaflega aðkallandi nauðsyn, að undinn verði bráður bugur að því. Stöðin hér er fyrir löngu orðin lítt nothæf. Þrátt fyrir viðgerðir, sem næst um fara fram í sífellu, má alltaf eiga von á því, að einhver vélanna bregðist.“

— Er ekki búið að kaupa vélarnar í hina nýju mjólkurstöð?

„Nei, ekki enn. Ég fékk mjög sémileg tilboð í vélar, en því miður hafa þær enn ekki verið keyptar. Ég taldi alltaf, að aðalerfíðleikarnir myndu verða að fá vélar frá Ameríku, en nú virðist, að aðalerfíðleikarnir séu heimaþingnir. Ég skal til dæmis segja yður, að það virðist ætla að ganga erfiðlegast að fá lóð undir stöðina. Mjólkurstöðunefnd hefir ráð á lóð við Skúlafrh. á 7. síðu.

Hvers vegna orðu börnin veik?

UNDANFARIÐ hefir mikið borið á því, að börn veikust hastarlega í maga og fengu uppköst og niðurgang. Hefir það einnig komið fyrir, að börnin hafa upp úr veikinni eða með henni fengið útbrot um munninn.

Ýmsir hafa haldið því fram, að hér væri um eitrun að ræða, og stafaði hún frá mjólkinni. Hafa gengið um þetta tröllasögur í bænum.

Alpýðublaðið hafði tal af nokkrum læknum í gær og spurði þá að því, hvort þeir álitu, að um eitrun væri að ræða. Þeir kváðu nei við. Alpýðublaðið snéri sér síðast til Magnúsar Péturssonar héraðslækni og spurði hann að því sama. Hann sagði, að enginn læknir hefði sett þessa veikni í samband við eitrun. Það er ekki á neina hátt hægt að rekja hana til mjólkur og alls ekki til mjólkurstöðvarinnar, því að veikin hefir jafnt komið fram á börnum, sem drukkjið hafa samsölumjólk og börnum, sem drukkjið hafa mjólk beint frá lauslöðumönnum.